**samþykk·ja** *so. vb.-i – heyra* [-ti]

– lögin voru samþykkt á Alþingi

‡ • samþykki, saman

**hækk·a** *so. vb.-a – kalla* [-aði]

– verð á bensíni hækkar

‡ • hár (lo), hæð » auka, stækka

**klæ·ða** *so. vb.-i – heyra* [-ddi]

– klæddu þig vel í kuldanum

‡ • klæddur

**ríða** *so. sb.-1 – grípa* [reið, riðum, riðið]

– hestamennirnir riðu yfir ána

‡

**nám** *hk. et. – hús* [-s]

– hún er í námi erlendis

‡ • nema, nemandi

**tilgang·ur** *kk. – hestur* [-s, -ar]

– þetta hefur engan tilgang

• til, gangur

**for·maður** *kk. – maður* [-manns, -menn]

– hver er formaður félagsins?

‡ formaðr • for (for-seti), maður

**skipstjór·i** *kk. – tími* [-a, -ar]

– skipstjórinn þekkir höfnina vel

‡ • skip, stýra; stjórna

**sið·ur** *kk. – dalur* [-ar, -ir]

– það er sinn siður í hverju landi

‡ siðr

**viðskipti** *hk. ft. – hús*

– nú eru öll viðskipti hnattræn

‡ • við, skipti, skipta, samskipti

**þing** *hk. – hús* [-s, -]

– er hann kominn á þing?

‡ • alþingi

**jakk·i** *kk. – tími* [-a, -ar]

– jakkinn fer honum vel

‡

**skær** *lo. – gulur R* [-, -t; -ari, -astur]

– birtan er skær

‡ skærr

**andleg·ur** *lo. – gulur* [-, -t]

– við fengum andlegan stuðning

‡ andligr • anda, andartak, andi, andrúmsloft

**óvænt·ur** *lo. – gulur* [-, -t; -ari, -astur]

– hann fékk óvænta afmælisgjöf

‡ • vænta, eftirvænting

**köttur** *kk. – völlur* [kattar, kettir]

– kötturinn hefur níu líf

‡ kǫttr